

Nd.

32. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu i barna-skólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu, enda náist samningar við eigendur um útgáfuréttinn.

2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn, fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn sambands íslenskra barnakennara, en hinn af menntamálaráðinu. Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé nægilegt til af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um ritlaun og útgáfurétt, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er stjórninni að ráða mann eða menn til þess að vinna að þessu, ef með þarf.

4. gr.

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar við kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna sjá um sölu bókanna hver í sínum skóla og fá fyrir það 10% af andvirði bókanna. Sömu sölulaun geta og aðrir fengið, sem vilja hafa bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin setur reglur um tryggingu fyrir greiðslu andvirðis bókanna og reikningsskil.

Bæjar- eða sveitarfélög, sem kaupa bækur til útbýtingar ókeypis meðal fátækra skólabarna, fá afslátt, sem nemur þóknun útsölumanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar 10000 kr. á ári í 5 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira rekstrarfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Heimilt er stjórn útgáfunnar að ákveða að gefa út og selja á sama hátt aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Ennfremur getur hún gefið út eða haft til sölu landabréf, veggmyndir og aðrar skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem gefa skal út samkvæmt þessum lögum, og sér um, að nýjar útgáfur af þeim verði til jafnskjótt og eldri útgáfur þrjóta.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta lá fyrir tveimur síðustu þingum og er nú flutt óbreytt frá því, sem það var í hið síðara sinn. Vísast til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgdi á sumarþinginu. Sbr. Alþið. A. þskj. 31.